

## Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Á fiskveiðiárinu 2000/2001 skal allt að 1,5% aflaheimilda af heildaraflamarki þorsks og ýsu úthlutað sérstaklega til aflamarksskipa sem voru minni en 200 brúttórúmllestir 1. september 1999. Skilyrði þess að aflamarksskip fái úthlutun er að skipið hafi 1. september 1999 haft minna aflamark en 80 þorskígildistonn. Úthlutunarréttur hækkar með fækkandi þorskígildistonnum aflamarks viðkomandi fiskiskips niður í 20 þorskígildistonn eða minna miðað við 1. september 1999. Jafnframt er skilyrði að fiskiskipið hafi leigt til sín á Kvótaþingi 40 þorskígildistonn eða meira fiskveiðiárið 1999/2000. Þá þarf aflamarksskip að hafa veitt 75% af aflamarki sínu í botnfiski fiskveiðiárið 1999/2000.

Aflaheimildir þessar verða ekki framseldar til annarra fiskiskipa og teljast ekki með þegar veiðiskip uppfyllir 50% veiðiskyldu hvers árs, sbr. ákvæði 12. gr. laga þessara. Heimildum þessum verður aðeins úthlutað til dagróðrabáta.

Hámarksúthlutun eftir stærðarflokkum fiskiskipa í brúttórúmllestum annars vegar og þorskígildishámarki hins vegar er sem hér segir:

Stærð skipa	Hámark þorskígildistonna			
	20 tonn eða minna	20,1–40 tonn	40,1–60 tonn	60,1–80 tonn
0–20 brl.	30 tonn	20 tonn	15 tonn	10 tonn
20,1–40 brl.	40 tonn	30 tonn	20 tonn	15 tonn
40,1–60 brl.	50 tonn	40 tonn	30 tonn	20 tonn
60,1–100 brl.	60 tonn	50 tonn	40 tonn	30 tonn
100,1–150 brl.	70 tonn	55 tonn	40 tonn	35 tonn
150,1–200 brl.	80 tonn	65 tonn	45 tonn	35 tonn

Fiskiskip sem er með meira en 80 þorskígildistonn fær ekki úthlutun.

Einnig skal þeim útgerðaraðilum, sem gera út fiskiskip minni en 20 brl. að stærð, uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. um að hafa leigt til sín 40 þorskígildistonn eða meira á fiskveiðiárinu 1999/2000 og höfðu minna aflamark 1. september 1999 en 15 þorskígildistonn, úthlutað allt að 15 tonnum í þorskígildum þorsks og ýsu. Þó skal þeim aldrei úthlutað meiru en aflamark þeirra var 1. september 1999 og aldrei meiru en nemur þeim afla sem þau veiddu og lönduðu á fiskveiðiárinu 1999/2000.

Ekki er gert að skilyrði að þessi skip hafi leigt til sín viðbótar aflaheimildir.